



Skólastarf í grunnskólum Hafnarfjarðar á kórónuveirutíma

skólaárið 2021-2022

SÓTTVARNAREGLUR OG LEIÐBEININGAR TIL SKÓLASTJÓRNENDA

8. útgáfa 25. febrúar 2022.

Eftirfarandi skjal er tilraun til að ná utan um ákvarðanir og nauðsynleg gögn sem tengjast skólastarfi grunnskóla Hafnarfjarðar skólaárið 2021-2022 á kórónaveirutíma. Skjalið getur tekið mögulegum breytingum yfir skólaárið, mis ítarlegum og mis reglulegum. Dagsetning skjals hér ofar ræður gildistöku um það hvort það sé nýjasta skjalið í umræðunni eða ekki. Nýju efni í skjalið er raðað fremst hverju sinni og eldra efni færast aftar í skjalið eftir því sem nýtt bætist við.

Þetta skjal verður líka að skoða í samhengi við ákvarðanir yfirvalda, sem eru af ýmsum toga eins og mennta- og menningarmálaráðuneytið, heilbrigðisráðherra og sóttvarnayfirvöld með sína smitrakningarferla og loks höfuðborgarsvæðið sjálft með sína vinnuferla. Vísað er í plögg þeirra eftir því sem við á og tímasetningar gefnar eins og viðeigandi er.

Þessi samantekt hér mun því mótast eftir því sem líður á skólaárið eins og farsóttarákvarðanir yfirvalda verða.

Opinber fyrirmæli sem hafa komið fram til þessa og tengjast skólastarfinu:

Ath! Minnisblöð hafa ekki stöðu lagafyrirmæla en geta gefið leiðbeiningar. Ef minnisblað stangast á við reglugerð gildir reglugerðin.

25. febrúar: Sóttvarnareglur frá 23. febrúar 2022

Lög, reglugerðir, reglur, leiðbeiningar og minnisblöð:

- 23. febrúar: [Reglugerð 219/2022](#) um brottfall reglugerðar nr. 176/2022, um einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, og um brottfall reglugerðar nr. 177/2022, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

A Nýjustu fyrirmælin í samantekt

Ofangreind fyrirmæli ná einnig til skólastarfs svo frá þessum tíma. Þrátt fyrir það eru þó eftirfarandi leiðbeiningar gefnar til skólastarfs:

- Skólar séu áfram með aðgengi að hreinsiefnum svo áfram verður mælt með persónulegum sóttvörnum innan skólabygginga.
- Þrif á skólahúsnæði haldast enn óbreytt þar sem þær tóku mið af því að kórónaveirusmit sé áfram veruleiki svo sóttthreinsandi þrif sameiginlegra rýma heldur áfram á þessu skólaári.

Sóttvarnaaðgerðum er lokið – með þeirri von að það þurfi ekki að setja þær á ný í þessum faraldri.

25. febrúar 2022.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

31. janúar: Sóttvarnareglur til 29. janúar 2022 (en breytast samt stöðugt)

Lög, reglugerðir, reglur, leiðbeiningar og minnisblöð:

- 14. febrúar: [Reglugerð 184/2022](#) um (1.) breytingu á reglugerð um einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, nr. 176/2022.
- 11. febrúar: [Reglugerð 177/2022](#) um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
- 11. febrúar: [Reglugerð 176/2022](#) um einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19.
- 9. febrúar: [Minnisblað](#) sóttvarnalæknis.
- 2. febrúar: [Reglugerð 141/2022](#) um (1.) breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, nr 90/2022.
- 28. janúar: [Reglugerð 92/2022](#) um (2.) breytingu á reglugerð um sóttkví
- 28. janúar: [Reglugerð 91/2022](#) um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar.
- 28. janúar: [Reglugerð 90/2022](#) um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
- 26. janúar: [Minnisblað](#) sóttvarnalæknis.

A Nýjustu fyrirmælin í samantekt

Í meginatriðum er skólastarf óbreytt frá síðustu reglugerð, nema hvað nú er ekki lengur í gildi 50 manna hámark í mótuneytum skóla, líkt og sjá má í eftirfarandi grein (breytingin er skráletruð hér).

2. gr.

Gildissvið.

Takmörkun á skólastarfi tekur gildi frá og með 29. janúar 2022 og gildir til og með 24. febrúar 2022.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkun skólastarfs eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrir eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á skólastarfi tekur til leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, framhaldsskóla, fram-halds-fræðslu og háskóla, hvort sem um er að ræða opinbera eða einkarekna skóla. Þá tekur reglugerðin jafnframt til tengdrar starfsemi, svo sem skólabókasafna, frístundaheimila, skólabúða og félagsmiðstöðva, sem og til æskulýðs- og tómstundastarfs.

Í sameiginlegum umgangsrýmum innandyrna á öllum skólastigum, svo sem við innganga, í anddyri og á göngum, sem og í mótuneytum, er heimilt að víkja frá fjöldatakörkun að því gefnu að starfsfólk og nemendur fæddir 2005 og fyrir noti andlitsgrímur. Þá er blöndun hópa heimil á öllum skólastigum og starfsfólki er heimilt að fara milli rýma.

Um verklegt ökunám og flugnám og um íþróttastarf utan skólastarfs fer samkvæmt reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Út frá ofangreindu eru óbreyttar aðgerðir frá síðustu reglugerð í grunnskólum Hafnarfjarðar, utan þess sem snýr að matsölum:

1. **MÖTUNEYTI:** Ekki eru lengur í gildi hámark 50 í einstaka hólfum þar sem hólferu lögð niður.

31. janúar 2022

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

12. janúar: Sóttvarnareglur til 2. febrúar 2022 (en breytast samt stöðugt)

Lög, reglugerðir, reglur, leiðbeiningar og minnisblöð:

- 25. janúar: [Reglugerð 60/2022](#) um (1.) breytingu á reglugerð um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, nr. 38/2022. Einnig birt hér á pdf-formi þar sem einnig er að finna nýja [leiðbeiningar](#) um sóttkví grunnskólabarna aftan við reglugerðina sjálfa.
- 24. janúar: [Minnisblað](#) sóttvarnalæknis.
- 19. janúar: [Reglugerð 38/2022](#) um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19. Sjá reglugerðina hér með [leiðbeiningum sóttvarnalæknis](#) í viðauka og [minnisblað sóttvarnalæknis](#) sem liggur að baki reglugerðinni.
- 18. janúar: [Reglugerð 34/2002](#) um (2.) breytingu á reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. 6/2022. (*Reglugerðarbreytingin á við framhaldsskóla og háskóla, um grímunotkun.*)
- 14. janúar: [Reglugerð 33/2022](#) um breytingu á reglugerð um för yfir landamæri, nr. 866/2017
- 14. janúar: [Reglugerð 16/2022](#) um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og [minnisblað sóttvarnalæknis](#) sem liggur að baki reglugerðinni.
- 12. janúar: [Reglugerð 12/2022](#) um (1.) breytingu á reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. 6/2022. (*Grímunotkun nemenda tekin úr reglugerðinni frá deginum áður.*)
- 11. janúar: [Reglugerð 7/2022](#) um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
- 11. janúar: [Reglugerð 6/2022](#) um takmörkun í skólastarfi vegna farsóttar.
- 7. janúar: Reglugerð um [\(4.\) breytingu](#) á reglugerð nr. 1240/2021, um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19.
- 30. desember: [Reglugerð 1670/2021](#) um (3.) breytingu á reglugerð um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, nr. 1240/2021 og [minnisblað sóttvarnalæknis](#) sem liggir að baki reglugerðinni.
- 21. desember: [Reglugerð 1484/2021](#) um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
- 20. desember: [Reglugerð 1483/2021](#) um (2.) breytingu á reglugerð um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, nr. 1240/2021.
- 8. desember: [Reglugerð 1266/2021](#) um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
- 7. desember: [Reglugerð 1402/2021](#) (2.) um breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
- 28. nóvember: [Reglugerð 1240/2021](#) um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19.

A Nýjustu fyrirmælin í samantekt

Sérstök reglugerð (6/2022) gildir um skólastarf og byggir á almennri reglugerð (7/2022) en um grunnskólana segir sérstaklega í skólareglugerðinni auk sameiginlegra þátt í reglugerðinni.

2. gr.

Gildissvið.

Takmörkun á skólastarfi tekur gildi frá og með 13. janúar 2022 og gildir til og með 2. febrúar 2022.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkun skólastarfs eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrir eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á skólastarfi tekur til leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, framhaldsskóla, framhaldsfræðslu og háskóla, hvort sem um er að ræða opinbera eða einkarekna skóla. Þá tekur reglugerðin jafnframt til tengdrar starfsemi, svo sem skólabókasafna, frístundaheimila, skólabúða og félagsmiðstöðva, sem og til æskulýðs- og tómtundastarfs.

Í sameiginlegum umgangsrýmum innandyrna á öllum skólastigum, svo sem við innganga, í anddyri og á göngum, er heimilt að víkja frá fjöldatakmörkun að því gefnu að starfsfólk noti andlitsgrímu. Þá er blöndun hópa heimil á öllum skólastigum og starfsfólk er heimilt að fara milli rýma.

Í mötuneytum á öllum skólastigum er hámarksfjöldi nemenda 50.

Um verklegt ökunám og flugnám og um íþróttastarf utan skólastarfs fer samkvæmt reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar...

4. gr.

Grunnskólar.

Grunnskólum er heimilt að halda uppi skólastarfi, þ.m.t. íþróttakennslu, í skólabyggingum með 2 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks. Sé starfsfólki ekki unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun sín á milli og gagnvart nemendum skal starfsfólkið nota andlitsgrímur. Ekki skulu vera fleiri en 20 starfsmenn í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli rýma. Sömu reglur gilda um starfsfólk skólaþjónustu og tónlistar-skóla sem kemur inn í grunnskóla.

Nemendur eru undanþegnir grímuskyldu. Ekki skulu vera fleiri en 50 nemendur í hverju rými og skal leitast við að viðhafa 1 metra nálægðartakmörkun milli þeirra í skólastofum. Þrátt fyrir 2. másl. gilda fjöldatakmörkanir ekki í skólaakstri. Fjöldatakmörkanir gilda ekki á útisvæðum en leitast skal við að takmarka fjölda nemenda á hverju útisvæði eins og kostur er, án þess að það komi niður á útiveru nemenda.

Viðburðir tengdir starfi eða félagslífi grunnskóla, svo sem fyrirlestrar, upplestrarkeppnir o.fl., eru óheimilir fyrir aðra en nemendur og starfsfólk.

Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nálægðartakmörkun, svo sem í verklegri kennslu, listkennslu og kennslu nemenda í sérskólum, skulu kennarar¹ nota andlitsgrímu, sbr. þó 5. mgr. 4. gr. reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við um fristundaheimili, félagsmiðstöðvar, skólabúðir og skipu-lagt æskulýðs- og tómsundastarf barna á grunnskólaaldri...

8. gr.

Sóttvarnaráðstafanir.

Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa skólabyggingar eftir hvern dag. Þrifa skal eins oft og unnt er algenga snertifleti og tryggja loftun reglulega í rýmum.

Lögð skal áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnir og að hafa greitt aðgengi að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og andlitsgrímum þar sem við á.

Út frá ofangreindu eru eftirfarandi aðgerðir viðhafðar í grunnskólum Hafnarfjarðar:

2. **DAGLEGT SKÓLASTARF:** Hefðbundið skólastarf varðandi kennslu og stundatöflu. Takmörkun á fjölda nemenda og fullorðinna í rými er áfram 50 (kennslustofur, samkomurými) en undanþágur á göngum. Starfsfólk skóla má samt ekki vera fleiri en 10 saman í hópum. Hið sama gildir um fristundaheimili og félagsmiðstöðvar.
3. **GRÍMUSKYLDA:** Grímuskylda fullorðinna er innan skóla, þ.e. starfsfólki skóla er skylt að bera grímu í samskiptum við nemendur og starfsfólk ef 2ja m fjarlægðarmörk haldast ekki og alltaf í sameiginlegum rýmum. Nemendur eru undanþegnir grímuskyldu.
4. **MÖTUNEYTI:** Mötuneyti starfar en matsal skal skipt upp í rými sem rúma allt að 50 nemendur sem eru tengdir fyrir (árgangur, kennslustig, álma) og matast í gegnum sérstaka matarstöð og borða saman í sérstöku hólfi í hádegismat – án þess að blöndun eigi sér stað við framkvæmdina. Önnur matarþjónusta er hefðbundin.
5. **ÞRÍBÓLUSETTIR OG SÓTTKVÍ:** Starfsfólk skóla sem er þrúbólusett getur sótt vinnu en skal að öðru leyti haga sér eins og það sé í sóttkví, hafi það verið sett í sóttkví út frá smitrakningu.
6. **SKÓLAÞJÓNUSTA:** Eftirfarandi er ákveðið:
 - a. **Heimsóknir í skóla:** Vegna fyrirlagna sál- og talmeinafræðinga eru nú leyfðar. Þeir munu vera í sambandi við skóla og foreldra um tímasetningar fyrirlagna úti í skólum. Mikilvægt er að ráðgjafarnir hafi vinnuástöðu úti í skólum og fái aðstoð við að finna börn í skólanum. Lögð er áhersla á að ráðgjafar M&L séu ekki á flakki á milli skóla sama daginn, séu frekar að leggja fyrir fleiri börn þann daginn innan sama skóla. Sál- og talmeinafræðingar hafa einnig aðgengi að Krosseyri á Linnestíg 3 til að leggja fyrir börnin og til að halda skilafundi með foreldrum.

¹ Athugið að þessari grein var breytt sérstaklega í breytingu á reglugerðinni þar sem áður stóð að þetta ætti líka við um nemendur en svo er ekki og gildir þetta ákvæði eingöngu um starfsfólk skóla. Óljóst af hverju þessi setning er hér þar sem hún bætir engu við fyrstu málsgreinina, sem er þá almenn en þessi grein sértæk og leidd af hinni almennu án þess að bjóða upp á frekari skýringar eða útlístanir umfram það sem ætla má af almennri útfærslu.

- b. **Fjarvinna:** Áfram eru allir þeir sem sinnt geta verkefnum sínum í fjarvinnu hvattir til þess. Viðtöl ráðgjafa við foreldra, börn og/eða kennara munu fara fram í gegnum síma eða teams (hægt er að boða fólk í viðtöl inn í ráðhús ef sérstaklega þurfa þykir og sóttvarnareglum er fylgt). Einnig verða spurningarlistar sendir út til foreldra og kennara í gegnum tölvupóst, þar sem það á við.
 - c. **Fjarfundir:** Lokað er fyrir flæði og fundi milli starfsfólks sviða/deilda. Halda sem mest fjarfundi meðan staðan er svona. Brúarteymisfundir með ráðgjöfum beggja sviða færast halda áfram á Teams. Sama á við um teymisfundi með foreldrum og starfsfólki skóla og ráðgjafa m&l og f&b.
 - d. **Ráðgjöf:** Alltaf er hægt að nálgast ráðgjafa og tengiliði í gegnum síma og/eða tölvupóst til ráðgjafar er spurningar vakna.
7. **SÓTTVARNIR:** Áfram skal þó viðhafa persónulega sóttvarnir í skólunum með handþvotti og sprittun. Sótthreinsiefni skal vera til staðar í skólum þar sem við á, þ.e. í öllum rýmum þar sem fólk kemur saman. Þrif halda áfram daglega með sótthreinsun í öllum kennslu- og almannarýmum en áfram eru persónulega þrif í einkarýmum (skrifstofum) utan vikulegra þrifa þar.
8. **NÁMSKEIÐ:** Dregið er úr námskeiðahaldi. Miðað er við að það eru engin miðlæg staðnámskeið haldin en mögulega einhver fjarnámskeið ef þörf er á.
9. **ÚRVINNSLUDAGAR:** Möguleiki að einstaka skólar þurfi að setja á úrvinnsludag ef mikið er um smit í skóla til að ná utan um stöðuna og endurskipuleggja skólastarfið, t.d. varðandi sóttkví í einstaka bekkjum eða árgöngum. Skólastjóri tekur ákvörðun í samráði við sviðsstjóra og almannavarnir.

14. janúar 2022

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

12. desember: Sóttvarnareglur til 22. desember 2021

Lög, reglugerðir, reglur, leiðbeiningar og minnisblöð:

- 8. desember: [Reglugerð 1266/2021](#) um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
- 7. desember: [Reglugerð 1402/2021](#) (2.) um breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
- 28. nóvember: [Reglugerð 1240/2021](#) um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19.

A Nýjustu fyrirmælin í samantekt

Almenn ákvæði gilda um skólastarf svo engar sérstakar reglur gilda um skólastarf.

Út frá ofangreindu eru eftirfarandi aðgerðir viðhafðar í grunnskólum Hafnarfjarðar:

1. **DAGLEGT SKÓLASTARF:** Hefðbundið skólastarf varðandi kennslu og stundatöflu. Takmörkun á fjölda nemenda og fullorðinna í rými er áfram 50 (kennslustofur, samkomurými) en undanþágur á göngum og í matsal. Starfsfólk fer á milli nemendahópa en hópum nemenda er ekki blandað saman. Þetta hefur helst áhrif á hefðbundið jólahald í skólum þar sem böll og skemmtanir þvert á árganga eru ekki möguleg sökum hámarksfjölda á samkomum sem er miðað við 50 og gilda einnig um nemendur.
2. **GRÍMUSKYLDA:** Grímuskylda fullorðinna utan kennslu en innan kennslustofu er það val, þ.e. starfsfólki skóla er ekki skylt að bera grímu í samskiptum við nemendur. Nemendur eru undanþegnir grímuskyldu.

9. desember 2021

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

12. nóvember: Sóttvarnareglur til 8. desember 2021

Lög, reglugerðir, reglur, leiðbeiningar og minnisblöð:

- 12. nóvember: [Reglugerð x/2021](#) um takmörkun á samkomum vegna farsóttar .
- 11. nóvember: [Minnisblað sóttvarnalæknis](#) um innanlandstakmarkanir.

A Nýjustu fyrirmælin í samantekt

Almenn ákvæði gilda um skólastarf .

3. gr.

Fjöldatakmörkun.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar reglugerðar. Með fjöldasamkomum er átt við það þegar fleiri en 500 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum, innan- og utandyra. Er þá meðal annars vísað til:

- a. Ráðstefna, málþinga, útifunda o.þ.h.
- b. Kennslu, fyrirlestra og prófahalds.
- c. Skemmtana, svo sem standandi eða sitjandi viðburða og einkasamkvæma.
- d. Athafna trú- og lífsskoðunarfélaga.
- e. Annarra sambærilegra viðburða með fleiri en 500 einstaklingum.

Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 500 einstaklingar inni í sama rými. Tryggja skal að ekki sé samgangur milli rýma. Þrátt fyrir 1. Og 2. Málsl. Er blöndun hópa á öllum skólastigum heimil. Í sameiginlegum rýmum á öllum skólastigum, svo sem við inngana, í anddyri og á göngum, er heimilt að víkja frá fjöldatakmörkun.

4. gr.

Almenn nálægðartakmörkun og grímunotkun.

Á samkomum, öllum vinnustöðum, verslunum, söfnum og í skólum og allri annarri starfsemi, meðal annars þeirri sem talin er upp í 3. gr., hvort sem er innan- eða utandyra, skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 1 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.

Þrátt fyrir 1. mgr. gildir ekki 1 metra nálægðartakmörkun á sitjandi viðburðum skv. 3. mgr. 3. gr., 6. mgr. 5. gr. og 8. mgr. 5. gr.

Andlitsgrímur skal nota þar sem ekki er unnt að tryggja nálægðartakmörkun skv. 1. mgr., svo sem á söfnum, í verslunum, heilbrigðisþjónustu, innanlandsflugi og -ferjum, almenningsamgöngum, leigubifreiðum og hópþingum.

Þrátt fyrir 3. mgr. er starfsfólk í einstaklingsbundinni þjónustu sem krefst mikillar nándar, svo sem á hárgreiðslustofum, nuddstofum og sambærilegri starfsemi, undanþegið grímuskyldu, enda beri viðskiptavinir grímu. Þegar þjónusta skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar er þess eðlis að viðskiptavinir geta ekki borið grímu, ber starfsfólki að bera grímu.

Þrátt fyrir 3. mgr. er kennurum og nemendum í grunnskólum og kennurum í framhaldsskólum heimilt að taka niður grímu eftir að sest er niður inni í skólastofum.

7. gr.

Þrif og sótthreinsun almenningsrýma.

Í öllum verslunum, opinberum byggingum og á öðrum stöðum innandyra þar sem umgangur fólks er nokkur skal þrifa eins oft og unnt er, sérstaklega algenga snertifleti. Auk þess skal minna almenning og starfsmenn á einstaklingsbundnar sóttvarnir, svo sem munnlega, með merkingum eða skiltum. Þá skal tryggja góða loftræstingu þar sem umgangur fólks er nokkur og lofta reglulega út.

Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á, meðal annars við afgreiðslukassa og innkaupakerrur í verslunum.

Út frá ofangreindu eru eftirfarandi aðgerðir viðhafðar í grunnskólum Hafnarfjarðar:

3. **DAGLEGT SKÓLASTARF:** Hefðbundið skólastarf varðandi kennslu og stundatöflu. Takmörkun á fjölda nemenda og fullorðinna í rými er 50 (kennslustofur, samkomurými) en undanþágur á göngum og í matsal. Starfsfólk fer á milli nemendahópa en hópum nemenda er ekki blandað saman.
4. **GRÍMUSKYLDA:** Grímuskylda fullorðinna utan kennslu en innan kennslustofu er það val, þ.e. starfsfólki skóla er ekki skylt að bera grímu í samskiptum við nemendur. Nemendur eru undanþegnir grímuskyldu.

13. nóvember 2021

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

7. október: Sóttvarnareglur til 20. október 2021

Lög, reglugerðir, reglur, leiðbeiningar og minnisblöð:

- 5. október: [Reglugerð um \(1.\) breytingu á reglugerð nr. 1030/2021, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.](#)
- 4. október: [Minnisblað sóttvarnalæknis.](#)
- 28. september: [Reglugerð 1100/2021 um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19.](#)
- 27. september: [Minnisblað sóttvarnalæknis.](#)
- 23. september: [Reglugerð um \(1.\) breytingu á reglugerð nr. 777/2021 um gildistöku á reglugerð \(ESB\) 2021/953 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi vottorða um bólusetningu, próf og bata til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn stendur yfir.](#)
- Ódagsett: [Smitrakning og sóttkví – leiðbeiningar \(landlæknisembættið\)](#)
- 21. ágúst: [Leiðbeiningar um sóttkví til að draga úr útbreiðslu COVID-19](#) (leikskólar, skólar, frístund, félagsmiðstöðvar).
- 30. júní: [Reglugerð 777/2021 um gildistöku á reglugerð \(ESB\) 2021/953 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi vottorða um bólusetningu, próf og bata til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn stendur yfir.](#)

A Nýjustu fyrirmælin í samantekt

Almenn ákvæði gilda um skólastarf. Fræðslustjórar og almannavarnir höfuðborgarsvæðisins ákváðu þrengri takmarkanir en kvað á um í fyrri reglugerð. Sú takmörkun hefur verið felld út gildi og nú gildir eingöngu reglugerðin sjálf.

Út frá ofangreindu eru eftirfarandi aðgerðir viðhafðar í grunnskólum Hafnarfjarðar:

5. **HEFÐBUNDIÐ SKÓLASTARF:** Engar (fjölða)takmarkanir gilda í grunnskólastarfi, sem í Hafnarfirði merkir að það gildir einnig um starfsemi tómstundamiðstöðva (frístundaheimili og félagsmiðstöðvar) innan grunnskóla, og blöndun er leyfð milli allra hópa innan skóla og milli grunnskóla. Það sama gildir um starfsemi skólaþjónustu, hvers kyns félags-/fjölskylduþjónustu og menningarstarfsemi inni í skólastarfinu.
6. **YNGSTA STIG OG MIÐSTIG:** Hafa skal vara á með starfsemi meðal nemenda á aldrinum 6-12 ára eins og hægt er að ætlast til og án þess að það hamli daglegu skólastarfi, þ.e. að við hópamyndanir (t.d. skemmtanir/samkomur á sal) sé reynt að halda nemendahópum sem mest saman út frá bekkjum (líkt og hefðin er í grunnskólastarfi á Íslandi út frá hagkvæmni í skipulagi).
7. **GRÍMUSKYLDA:** Grímuskylda er til staðar ef ekki næst að halda 1m fjarlægðarregla í skólum meðal starfsfólks og fullorðinna gesta sem koma í skóla. Grímuskylda nær ekki til nemenda og ekki til starfsmanna í kennslustundum við kennslu.
8. **SÓTTVARNIR:** Áfram skal þó viðhafa persónulega sóttvarnir í skólunum með handþvotti og sprittun og grímunotkun er valfrjál. Sótthreinsiefni skal vera til staðar í skólum þar sem við á, þ.e. í rýmum þar sem fólk kemur saman.
9. **NOTKUN HÚSNÆÐIS:** Húsnæði skóla er leyft undir aðra notkun um leið og minnt er á mikilvægi hreinsunar á húsnæði milli hópa.
10. **KOMUR ERLENDIS FRÁ:** Í samræmi við reglugerð 1100/2021 skulu grunnskólabörn ekki sæta neinum takmörkunum í tengslum við komur frá útlöndum og þátttöku í grunnskólastarfinu, þ.e. þau sæta engri sóttkví (sjá þó næsta lið). Starfsfólk grunnskóla sem kemur erlendis frá fylgir almennum reglum í samræmi við 7.gr. reglugerðar nr. 1100/2021 (sjá hér ofar), þ.e. mismunandi sóttkví út frá aðstæðum sínum.

11. **SÓTTKVÍ OG SMITGÁT NEMENDA OG STARFSMANNA SKÓLA:** Starfsmenn skóla og nemendur sæta sóttkví og smitgát í samræmi við leiðbeiningar sóttvarnaryfirvalda á hverjum tíma (sbr. tilvísanir hér efst á síðu).
12. **RAF-/STAFRÆN STARFSEMI:** Kórónuveirutíminn hefur verið tími raf-/stafrænna samskipta (fjarfundir) og þó að hann sé liðinn er álitid að tími fjarfunda sé enn til staðar á móti staðfundum. Fjarfundir færa nýja möguleika og draga úr kolefnisspori og auka skilvirkni, alla vega varðandi tíma (ferðalög á fundarstaði). Það breytir því samt ekki að mikilvægi samskipta í raunheimum hefur líklega aldrei verið mikilvægari en nú svo á hverjum tíma verður að meta hvort fjar-/staðfundir séu heppilegri í stöðunni til að vinna vel saman, eiga uppbyggileg samskipti og styðja hvert annað í þeim veruleika sem mætir okkur nú þegar kórónaveirutíminn virðist loks vera kominn á verulegt undanhald.

7. október 2021

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

30. ágúst: Sóttvarnareglur til loka september 2021

Lög, reglugerðir, reglur, leiðbeiningar og minnisblöð:

- 27. ágúst: [Reglugerð 962/2021 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar](#) (úr gildi fellur reglugerð með sama heiti frá 26. ágúst).
- 26. ágúst: [Reglugerð 957/2021 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar](#).
- 23. ágúst: [Reglugerð 938/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19](#).
- 21. ágúst: [Leiðbeiningar um sóttkví til að draga úr útbreiðslu COVID-19](#) (leikskólar, skólar, frístund, félagsmiðstöðvar).

A Nýjustu fyrirmælin í samantekt

Almenn ákvæði gilda um skólastarf en MMR og höfuðborgarsvæðið eru með eigin takmarkanir umfram almennar reglur, t.d. um minni hópa en 200 og tækifæri til að setja frekari takmarkanir á afmarkaða hópa.

Út frá ofangreindu, sérstaklega leiðbeinandi reglum höfuðborgarsvæðisins (sjá hér ofar), eru eftirfarandi aðgerðir viðhafðar í grunnskólum Hafnarfjarðar:

13. **HEFÐBUNDIÐ SKÓLASTARF:** Skólastarf er boðað að muni hefjast með hefðbundnu sniði í upphafi skólaárs, þ.e. full kennsla skv. aðalnámskrá, matarþjónusta, frístundaþjónusta og skólaþjónusta.
14. **AUKNAR SÓTTVARNIR:** Það skal viðhafa auknar sóttvarnir í skólunum með handþvotti, sprittun og grímur í forgangi – gagnvart starfsfólki og foreldrum. Allir bera ábyrgð á eigin sótthreinsun og miði við ábyrgð sína í að vera hluti af skólasamfélagi. Skólar leggja til sápuefni, sótthreinsiefni og grímur eins og þarf.
15. **DAGLEG SÓTTHREINSUN:** Sótthreinsun verður daglega á kennslustofum nemenda (í stað þrisvar í viku) og áfram verður starfsfólk með sínar skrifstofur að annast þrif þeirra sérstaklega þar sem aukin þrif koma ekki þar líkt og áður (að það voru ekki aukin þrif þar).
16. **GRÍMUNOTKUN:** Grímuskylda starfsmanna og gesta er á göngum skóla. Starfsfólk þarf ekki að vera með grímur við kennslu ef 1m viðmið nást og er ábyrgð þar á starfsfólki að fylga því eftir. Grímuskylda er hjá starfsfólki í sameiginlegum rýmum (matsal/kaffistofu) og gríma aðeins tekin ofan þegar sest er til matar.
17. **SKÓLAÞJÓNUSTA:** Skólaþjónustan starfar með hefðbundnum hætti, þ.e. starfsfólk hennar getur farið í skólanna og sinnt verkefnum en ætlast til að það gangi um skólana með grímur en þurfi ekki að notast við þær í samskiptum við skjólstæðinga sína (frekar en það vill).
18. **FORELDRASAMSTARF:** Foreldrasamstarf er með hefðbundnum hætti en huga á að því að takmarka óþarfa komur foreldra í skólana, t.d. að láta það duga að skilja við börn sín við útidyr í stað þess að fylgjabeim inn að stofum. Undantekningar eiga við í sérstökum aðstæðum, t.d. gagnvart aðstanendum nýrra nemenda
19. **SKÓLASETNINGAR:** Skólasetning nemenda í 2.-10. bekk er án foreldra og skal sem mest fara fram í bekkjarstofum og án árgangasambands þar sem nú er 100 hámark í rými og er samtala fullorðinna og barna sem gildir.
20. **1. BEKKUR:** Foreldrar nemenda í 1. bekk komi í skóla í foreldraviðtöl í eins og skólar ákveðar. Ef skólasetning er á sal fyrir 1. bekk býðst einu foreldri að koma með og þá aðeins í stuttan tíma.
21. Varðandi námskeiðahald og samskipti við foreldra vegna 6 ára nemenda eru báðir foreldrar velkomnir á kynningar og námskeið en ekki aðrir ættingjar (t.d. systkini, afar og ömmur o.þ.h.). Hafa fundi/námskeið í stórum rýmum og viðhafa grímuskyldu (jafnvel þótt 1m fjarlægðarregla náist).
22. **NÁMSKEIÐAHALD STARFSFÓLKS:** Námskeiðahald fyrir starfsfólk grunnskólanna í Hafnarfirði tekur mið af auknum takmörkunum þar sem stefnt er að því að starfsfólk sé ekki kallað saman í miklum mæli milli skóla og því reynt að setja upp rafræn námskeið (streymi, fjarfundir) þar sem við á og hægt er að koma við.

23. **ÍTARLEGRI TAKMARKANIR:** Í sérhverjum grunnskóla er hvatt til að leita leiða til að starfsfólk hafi möguleika til að starfa sem mest eitt og/eða í litlum, afmörkuðum hópum og koma í veg fyrir óþarfa blöndun starfsfólks innan skólabyggingarinnar eins og hægt er, t.d. í matsal. Setja á fjarfundi eins og mögulegt er innan skóla, t.d. hjá teyllum. Engin formleg hólfaskipting er þó innan skóla.
24. **KOMUR ERLENDIS FRÁ:** Í samræmi við ákvæði reglugerðar um sóttvarnir á landamærum gildir þetta um nemendur og starfsfólk grunnskóla í Hafnarfirði: Hafi þau dvalið erlendis og koma til Íslands þurfa þau að taka covid-19 hraðpróf/PCR próf innan 48 tíma eftir komu til landsins og ekki koma í skólann fyrr en þau geta sýnt fram á neikvæða niðurstöðu úr því prófi.
25. **TÍMABUNDIN SJÚKRAKENNSLA:** Möguleiki er á að setja upp sjúkrakennslu ef nauðsynlegt sé talið að einhverjir nemendur með undirliggjandi sjúkdóma megi ekki koma í grunnskóla. Hér aftar koma viðmiðunarreglur um þessa sjúkrakennslu.
26. **VERKEFNABREYTINGAR:** Í september falla niður kynningarfundur safnanna í Hafnarfirði (6.9.) og fagfundur kennara (27.9.)

30. ágúst 2021.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs.

Reglur um sjúkrakennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar í kórónaveirufaraldri

Fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar gilda sérstakar, tímabundnar reglur sem skilgreina má sem „sjúkrakennslureglur í kórónaveirufaraldri“ sökum sérstakra aðstæðna sumra nemanda í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Eftirfarandi eru efnisþættir þessara reglna og eru þess vegna ekki almennar reglur um sjúkrakennslu:

1. Nemendur í grunnskólum sem hafa einhverja undirliggjandi sjúkdóma, og gerir þá viðkvæmari fyrir sjúkdómseinkennum af völdum covid-10 (kórónaveirunni), eiga rétt á sjúkrakennslu geti þeir ekki sótt kennslu í skóla vegna stöðu faraldursins.
2. Geti nemandi getur sótt kennslu hluta skóladags er ekki möguleiki á sjúkrakennslu.
3. Sæki nemandur ekki skóla sökum þess að aðstandendur eru með undirliggjandi sjúkdóma, sem taldir eru skapa aukna áhættu vegna kórónuveirunnar, og halda börnum sínum heima vegna þess eiga ekki rétt á sjúkrakennslu.
4. Eftirfarandi er vinnuferli við umrædda sjúkrakennslu:
 - a. Forsjáráðilar sækja um sjúkrakennslu til skólastjóra þess grunnskóla sem barn stundar nám í.
 - b. Umsókn skal koma í tölvupósti og með útfylltu formi sem er gefið út af skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs.
 - c. Frá sérfræðingi, t.d. lækni, skal berast skrifleg lýsing á ástandi barns sem færir skýringu á fjarveru barns frá skóla sem grundvöll sjúkrakennslu. Slík yfirlýsing getur verið forsenda þess að hægt sé að samþykkja sjúkrakennslu og munnleg skilaboð frá sérfræðingum, t.d. í gegnum síma eða frá foreldrum, eru ekki tekin gild í umsóknarferli. Berist með umsókn foreldra sem bera ábyrgð á því að útvega viðeigandi upplýsingar frá sérfræðingum eins og við á.
 - d. Skólastjóri tekur afstöðu til sjúkrakennsluerindis sem fyrst eftir að það berst og tilkynnir forsjáráðilum, þ.e. samþykki eða höfnun, út frá því hvort erindisumsókn uppfyllir ákvæði þessarra reglna. Höfnun þarf að tilkynna út frá andmælarétti og vera ætlun um höfnun og bjóða upp á andmæli í 1-2 daga frá tilkynningu um ætlaða höfnun. Endanleg tilkynning um höfnun skal kynna sem fyrst eftir að andmæli hafa borist (ef þau berast en annars gildir fyrri tilkynning um ætlaða höfnun) og skal innihalda efnisleg svör við andmælum sem hafa borist. Tölvupóstur dugur til samskipta í þessu ferli.
 - e. Skóli ræður kennara til kennslunnar í hverju tilviki fyrir sig. (Hér er ákveðin takmörkun þar sem aðgangur að starfsfólki skóla til verkefnisins getur takmarkað framkvæmdina þótt samþykkt sé fyrir hendi.)
 - f. Kennsluskipulag er sett upp í samráði við foreldra og nemanda þar sem miðað er við allt að 60 mínútur til kennslu og samskipta á skóladegi, t.d. í gegnum G-svítuna eða Mentor í samræmi við aðstæður nemanda; því meira sem nemandi er eldri. Gert er ráð fyrir að sjúkrakennslan fari fram á raf-/stafrænan hátt ef þess er nokkur kostur þótt möguleiki sé að haga henni á annan hátt ef aðstæður til staðbundinnar, sértækrar kennsluáðstöðu séu til staðar og eðlilegar í stöðunni.
 - g. Í sjúkrakennslunni er áherslan á að hjálpa nemendum að sinna því námi sem jafnaldrar sinna í skólanum á sama tíma, í þeim námsgreinum sem talin er þörf á sérstökum stuðningi og þá helst í bóklegum greinum, þ.e. tungumálum, stærðfræði, náttúrufræðum og samfélagsgreinum.
 - h. Sjúkrakennslan skal endurskoðuð reglulega, eigi sjaldnar en á mánaðarfresti, og leggst af ef nemandi getur sótt skóla.
 - i. Geti nemandi sem fengið hefur sjúkrakennslu sótt skóla skulu viðeigandi, foreldrar og sérfræðingar eftir því sem við á, tilkynna slíkt skriflega til skóla um leið og ljóst er að hann getur sótt skóla.
5. Sjúkrakennslan getur ekki hafist fyrr en tveimur vikum eftir að nemandi hefur verið heima frá skóla.
6. Þessar reglur gilda á meðan þær hafa ekki verið felldar úr gildi í síðari útgáfum þessarra sóttvarnareglna í kórónaveirufaraldri á skólaárinu 2021-2022 en falla niður í síðasta lagi í lok skólaársins.

Erindi um sjúkrakennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar

1 Óskað er eftir sjúkrakennslu fyrir

Nafn		
Lögheimili	Póstfang	staður
Hvar býr barnið?	Póstfang	staður
Foreldri 1	Foreldri 2	

Skólaupplýsingar

Skóli	Árgangur/bekkur	Umsjónarkennari
-------	-----------------	-----------------

2 Af hverju getur barn/nemandi ekki sótt skóla?

Útskýrið og rökstyðjið.

Ef fylgigögn eru til sem rökstyðja erindi skal það fylgja með þessu formi/erindi og það getur verið grundvallandi fyrir ákvörðun um samþykki, þ.e. ofangreind lýsing sem þarfnast staðfesting (t.d. frá lækni ef ástæður eru læknisfræðilegar).

3 Sjónarmið foreldra um þessa framkvæmd ef hún verður samþykkt?

Útskýrið, t.d. aðstæður heima og aðkomu fjölskyldu að náminu meðan á sjúkrakennslu stæði.

Hafnarfirði / 20

Umsækjandi/-ur: _____

13. ágúst: Sóttvarnareglur í upphafi grunnskólastarfs

Lög, reglugerðir, reglur, leiðbeiningar og minnisblöð:

- 13. ágúst: [Leiðbeiningar um sóttvarnir í skólastarfi haustið 2021.](#)
- 11. ágúst: [Reglugerð 915/2021 um \(2.\) breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 878/2021.](#)
- 9. ágúst: [Minnisblað sóttvarnalæknis.](#)
- 4. ágúst: [Reglugerð 907/2021 um \(4.\) breytingu á reglugerð nr. 747/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.](#)
- 28. júlí: [Reglugerð 892/2021 um \(3.\) breytingu á reglugerð nr. 747/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.](#)
- 23. júlí: [Reglugerð 878/2021 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.](#)

A Nýjustu fyrirmælin í samantekt

Engin sérstök ákvæði gilda um skólastarf og því gilda almenn viðmið fyrir skóla, sem gilda í fyrstu atrennu frá 14.-27. ágúst 2021: *Almennar reglur um fjöldatakmörkanir að hámarki 200 manns og 1m fjarlægðarviðmið gilda um starfsfólk skóla og skólaþjónustu og gesti, en ekki um grunnskólanemendur.*

Út frá þessu eru eftirfarandi aðgerðir viðhafðar í grunnskólum Hafnarfjarðar:

1. Skólastarf er boðað að muni hefjast með hefðbundnu sniði í upphafi skólaárs, þ.e. full kennsla skv. aðalnámskrá, matarþjónusta, frístundaþjónusta og skólaþjónusta.
2. Það skal viðhafa auknar sóttvarnir í skólunum með handþvotti, sprittun og grímur í forgangi – gagnvart starfsfólki og foreldrum. Allir bera ábyrgð á eigin sóttthreinsun og miði við ábyrgð sína í að vera hluti af skólasamfélagi. Skólar leggja til sápuefni, sóttthreinsiefni og grímur eins og þarf.
3. Sóttthreinsun verður daglega á kennslustofum nemenda (í stað þrisvar í viku) og áfram verður starfsfólk með sínar skrifstofur að annast þrif þeirra sérstaklega þar sem aukin þrif koma ekki þar líkt og áður (að það voru ekki aukin þrif þar).
4. Grímuskylda starfsmanna og gesta er á göngum skóla. Starfsfólk þarf ekki að vera með grímur við kennslu ef 1m viðmið nást og er ábyrgð þar á starfsfólki að fylga því eftir. Grímuskylda er hjá starfsfólki í sameiginlegum rýmum (matsal/kaffistofu) og gríma aðeins tekin ofan þegar matar er neytt.
5. Skólaþjónustan starfar með hefðbundnum hætti, þ.e. starfsfólk hennar getur farið í skólanna og sinnt verkefnum en ætlast til að það gangi um skólana með grímur en þurfi ekki að notast við þær í samskiptum við skjólstæðinga sína (frekar en það vill).
6. Foreldrasamstarf með hefðbundnum hætti en huga mætti að því að takmarka óþarfa komur foreldra í skólana, t.d. að fylgja börnum sínum inn að stofum og láta það duga að skilja við þau við útidyr. Aðkoma foreldra að skólasetningu fari í frekari skoðun áður en að þeim kemur.
7. Varðandi námskeiðahald og samskipti við foreldra vegna 6 ára nemenda eru báðir foreldrar velkomnir á kynningar og námskeið en ekki aðrir ættingjar (t.d. systkini, afar og ömmur o.þ.h.). Hafa fundi/námskeið í stórum rýmum og viðhafa grímuskyldu (jafnvel þótt 1m fjarlægðarregla náist).
8. Námskeiðahald fyrir starfsfólk grunnskólanna í Hafnarfirði tekur mið af auknum takmörkunum þar sem stefnt er að því að starfsfólk sé ekki kallað saman í miklum mæli milli skóla og því reynt að setja upp rafræn námskeið (streymi, fjarfundir) þar sem við á og hægt er að koma við.
9. Í sérhverjum grunnskóla er hvatt til að leita leiða til að starfsfólk hafi möguleika til að starfa sem mest eitt og/eða í litlum, afmörkuðum hópum og koma í veg fyrir óþarfa blöndun starfsfólks innan skólabyggingarinnar eins og hægt er, t.d. í matsal. Setja á fjarfundi eins og mögulegt er innan skóla, t.d. hjá teyimum.

10. Möguleiki er á að setja upp sjúkrakennslu ef nauðsynlegt sé talið að einhverjir nemendur með undirliggjandi sjúkdóma megi ekki koma í skóla. Skrifstofan útbýr þetta skipulag sem verði tilbúið í lok ágústmánaðar.
11. Unnið verði að sérstöku skipulagi um aukið heimanám og fjarsamskipti í bekkjum sem verða sendir í sóttkví. Skrifstofan útbýr þetta skipulag sem verði tilbúið í lok ágústmánaðar.

13. ágúst 2021.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs.